

## AUGLÝSING

**um takmarkanir við flutningi sláturfjár innan og milli sauðfjárveikivarnarsvæða.**

1. gr.

1. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Hornafirði fullorðið fé úr Mýrdals- og Skaftártunguhólfum og einnig af svæðum norðan Hamarsár. Sama gildir um fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár.

2. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Vopnafirði fullorðið fé úr Jökulsárhlíð, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.

3. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Kópaskeri fullorðið fé af svæðum vestan Jökulsár á Fjöllum. Sama gildir um sláturfé úr Jökulsárhlíð, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.

2. gr.

Með brot gegn auglýsingu þessari skal farið skv. 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um bann við flutningi sláturfjár yfir sauðfjárveikivarnarlínur nr. 635/2001.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. júní 2008.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Arnór Snæbjörnsson.*